

# SKILMÁLAR ÍL-SJÓÐS Í TENGLUM VIÐ KAUP Á HFF150434 GEGN SÖLU Á RIKS 33 0321

Útboð 2. febrúar 2024

- Samkvæmt beiðni frá ÍL-sjóði hefur deild Lánamála ríkisins hjá Seðlabanka Íslands (hér eftir „umsjónaraðilinn“) ákveðið að taka að sér umsjón með skiptiútboði þar sem ÍL-sjóður kaupir skuldabréf útgefin af sjóðnum og greiðir fyrir með ríkisbréfum í eigu sjóðsins. ÍL-sjóður býðst þannig til að kaupa HFF150434 bréf (XS0195066575) gegn afhendingu á allt að 1.520.000.000 kr. að nafnvirði í RIKS 33 0321 (IS0000021251).
- Aðalmiðlurum ríkisverðbréfa sem gert hafa þátttökusamning við ÍL-sjóð (hér eftir „þátttakendum“) er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin og senda tilboð til umsjónaraðilans í gegnum viðskipta- og útboðskerfi Bloomberg.
- Útboðið verður haldið milli kl. 9:30 og 10:30 föstudaginn 2. febrúar 2024. Niðurstaða útboðs verður tilkynnt með opinberum hætti kl. 11:30 á útboðsdegi. Uppgjörsgdagur er þriðjudagurinn 6. febrúar 2024.
- Kauptilboð skulu send inn sem nafnverðsfjárhæð í flokkinn RIKS 33 0321. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast þátttakendum á sama fasta verðinu.
  - Hreint verð á HFF150434 er 100,00 (óhreint verð er 125,463608 með áföllnum vöxtum og verðbótum). Til skýringar jafngildir hreina verðið 3,78% ávöxtunarkröfu.
  - Hreint verð á RIKS 33 0321 er 102,700 (óhreint verð er 164,417862 með áföllnum vöxtum og verðbótum). Til skýringar jafngildir hreina verðið 2,66% ávöxtunarkröfu.

Til skýringar er skiptastuðull í útboðinu 1,3104824947.

*Dæmi: Þátttakandi fær 1.000 m.kr. að nafnverði í RIKS 33 0321 fyrir 1.310.482.495 nafnverðseiningar í HFF150434.*

- Hreint verð á verðtryggða ríkisbréfaflokknum sem ÍL-sjóður býðst til að selja í skiptum fyrir HFF-bréf miðast við síðustu viðskipti í kauphöllinni þann 30. janúar 2024.
- Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlaupi á heilum milljónum króna. ÍL-sjóður áskilur sér þann rétt að samþykkja að hluta eða hafna öllum tilboðum.
- Ef þátttaka verður umfram hámark samþykkttra tilboða verður úthlutun til hvers og eins þátttakanda ákvörðuð hlutfallslega út frá þátttökufjárhæð og námunduð niður að heilli milljón.
- Ef tilboð berst ekki til umsjónaraðilans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir umsjónaraðilinn sig allri ábyrgð. Umsjónaraðilinn hefur heimild til að fella niður útboðið í heild sinni vegna tæknilegra örðugleika. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við umsjónaraðilann í síma 569 9635. Tilboð sem berast til umsjónaraðilans merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta fjárhæð tilboða, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist umsjónaraðilanum fyrir kl. 10:30 á útboðsdegi.
- Skilmálar þessir gilda milli ÍL-sjóðs, umsjónaraðilans og þátttakandans í tengslum við útboðið. ÍL-sjóður og umsjónaraðilinn bera ekki ábyrgð á skuldbindingum þátttakanda gagnvart viðskiptamönnum sínum.

10. Ef misræmi er á útboðsskilmálunum á ensku og íslensku þá gilda þeir íslensku.